

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2011**M****og****Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B****Innkaupakerra olli tjóni á bifreið þ. 14.10.2010****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.2.2011
2. Bréf V dags. 2.3.2011.

Málsatvik.

M segir að innkaupakerra hafi komið rennandi niður af gangstétt og lent á bifreið sinni og valdið tjóni á henni. M segir að hann hafi þurft að stoppa vegna umferðar og þá heyrt dykk þegar innkaupakerran kom rennandi niður gangstétt og á hægri afturbretti bifreiðarinnar. M segir að hann hafi strax tilkynnt hlutaðeigandi aðila um tjónið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þessa tjóns. V hafnar bótaskyldu og segir verslunareiganda ekki geta borið skaðabótaábyrgð á því að viðskiptavinir verslunarinnar skilji við innkaupakerrur með óforsvaranlegum hætti, sem valdi tjóni. Þá segir V að af fyrirbyggjandi gögnum verði ekki ráðið að tjónsatvik hafi verið vegna mistaka eða vanrækslu eða vanbúnaðar starfsmanna eða fyrirsvarsmanna verslunarinnar B.

Álit.

Við skoðun á vettvangi verður ekki annað séð en að frágangur og umbúnaður verslunarinnar B vegna varðveislu og skila á innkaupakerrum sé með þeim hætti sem almennt er krafist af verslunareigendum. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atriða sem verslunareigandi eða starfsfólk hans bera ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.